

## Stjórnarfundur 23. október 2017

Mættir: Hjörtur Bergstað, Þórir Örn Grétarsson, Sigurlaug Anna Auðunsdóttir, Leifur Arason og Heiðrún Sigurðardóttir

Málefni tekin fyrir:

**1. Fundargerð síðasta fundar**

Borin upp og samþykkt samhljóða.

**2. Pollanámskeið**

Pollanámskeiðið hennar Önnu Laugu verður auglýst fljótlega. Námskeiðsgjaldið verður 25 þús kr.

**3. Veitingasalir**

Veitingasalir hafa verið auglýstir til útleigu og fjórir aðilar hafa sýnt áhuga. Farið verður í viðræður við þessa aðila. Stjórn samþykkir að í viðræðum verði leitast við að komast að hagkvæmstu lausninni, hvort sem salirnir verða leigðir út saman eða í sitthvoru lagi.

**4. Reiðhöll**

Ýmsar breytingar og endurbætur eru fyrirhugaðar í reiðhöllinni og verður hún lokuð á tímabilinu 1.-15. nóvember nk. Meðal annars verður skipt um gólf, battar og þulastúka löguð, hljóðkerfi sett upp, ýmis málningarvinna, klárað að laga lýsingu í salnum, sjoppa í anddyri kláruð og aðgengi fyrir fatlaða bætt.

**5. Sólballur við félagsheimili**

Stjórn samþykkir að settir verði peningar í að byggja sólball fyrir utan félagsheimilið sem vísar út að kynbótabrautinni. Útgent verður frá salnum beint út á pall.

**6. Almennadalur**

- Búið er að hafa uppá eigendum eins af ónýtu vinnuskúrunum og þeim gert að fjarlægja hann í hveli.
- Lagt til að settur verði upp talnakóði á yfirbyggða hringgerðið sem Fáksmenn munu þá einir hafa aðgang að.
- Vantar betri lýsingu við völlinn – stjórn leggur til að Almennadalsfélagið leggi inn beiðni til Reykjavíkurborgar fyrir hönd Fáks um að settir verði upp ljósastaura ofan við völlinn.
- Búið er að fá verktaka til að bera í og laga rúlluplanið á næstu vikum ásamt því laga undirlagið í yfirbyggða hringgerðinu.

**7. Framkvæmdir við velli**

- Það gengur vel að gera kynbótabrautina klára fyrir veturinn
- Athugað verður hvort eigi að stækka upphitunarvöll

**8. Meistaradeildin**

Garðar Hólm, formaður Meistaradeildarinnar, hafði samband við Fák varðandi að halda eitt af mótum vetrarins í TM Reiðhöllinni. Stjórn Fáks samþykkir að bjóða reiðhöllina fram fyrir lokakvöld mótaradarinnar.

**9. Meistaradeild æskunnar**

Stjórn Fáks samþykkir að bjóða Meistaradeild æskunnar TM reiðhöllina þeim að kostnaðarlausu eins og síðastliðinn vetur.

HS. JB

## 10. Uppskeruhátíð Fáks

Fákur á 95 ára afmæli í ár og því hugmynd að halda veglegri uppskeruhátíð en ella og bjóða fleirum. Föstudagurinn 24. nóvember hefur verið frátekinn fyrir viðburðinn.

## 11. Reiðvegir

- a. Fákur hefur fengið úthlutað 2 milljónum kr frá Reykjavíkurborg í reiðveg sem liggja á upp í Grafarholt. Sú framkvæmd myndi þó að öllum líkindum kosta töluvert meiri pening en það og ólíklegt má telja að hann verði mikið notaður. Stjórn Fáks samþykkir því að setja peninginn frekar í lagfæringar á reiðvegi sem liggur upp frá Rauðavatni og að Hólmsheiði.
- b. Reiðveganefnd Fáks hefur sent tillögu til Reykjavíkurborgar að nýrri staðsetningu reiðleiðar í gegnum Elliðarárdalinn að neðri Fáki.

## 12. Fáksblaðið

Fáksblaðið á að koma út í nóvember. Skipa þarf ritstjóra og auglýsingastjóra.

Fleira ekki bókað og fundi slitið.

Heðinn S.

